

varnaraðilja fallið frá mótmælum um, að krafa stefnanda um orlof væri fallin niður fyrir aðgerðarleysi. Að svo vöxnu máli ber að taka kröfu stefnanda um orlofsfé til greina, enda hefur fjárhæð þeirrar kröfu ekki sætt andmælum tölulega.

Úrslit málsins verða þá þau, að varnaraðilja verður dæmt að greiða stefnanda kr. 64.481 með vöxtum, eins og krafist hefur verið, auk málskostnaðar, sem ákveðst kr. 45.000.

Bjarni Kristinn Bjarnason borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Varnaraðili, sóknarnefnd Hallgrímskirkju f. h. safnaðarins, greiði stefnanda, Páli Halldórssyni, kr. 64.481 með 13% ársvöxtum frá 1. apríl 1974 til greiðsludags og kr. 45.000 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 23. janúar 1981.

Nr. 7/1981. **Ákærvaldið**

gegn

Péttri Blöndal Gíslasyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörns-son, Logi Einarsson og Sigurgeir Jónsson.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 17. janúar 1981, sem barst Hæstarétti 20. s. m. Hann krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi. Af hálfu ákærvalds er krafist staðfestingar úrskurðarins.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum 16. janúar 1981.

Ár 1981, föstudaginn 16. janúar, var háð dómþing sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum í húsakynnum dómsins að Hverfisgötu 113, Reykjavík, af Þórði Þórðarsyni fulltrúa við undirritaða votta og uppkveðinn úrskurður þessi.

MÁLSATVIK.

1. Hjá lögreglu í Reykjavík þann 7. þ. m. var yfirheyrður Sigurbjörn Sigurbjörnsson, fæddur 3. nóvember 1958, en hann hafði verið handtekinn með fíkniefni í sínum fórum. Viðurkenndi hann að hafa neytt kannabisefna sl. 4—5 ár og hann nær alltaf keypt slík af Péttri Blöndal Gíslasyni, er hann kvað um þessar mundir reka umboðsskrifstofu fyrir hljómsveitir í félagi við Bjarna Harðarson. Nefndir Pétur Blöndal og Bjarni Harðarson hafa ítrekað verið viðriðnir fíkniefnaviðskipti.

Nefndur Sigurbjörn kvaðst, auk kannabisefna í einstaka tilvikum, hafa keypt amfetamín, eða svonefnt speed, af nefndum Péttri. Nafngreindi Sigurbjörn nokkra aðilja, sem komið hafa við sögu í fíkniefnamálum, er hann kvað eiga aðild að fíkniefnaviðskiptum nefnds Péturs, en kvað Bjarna Harðarson standa honum næst í þessum viðskiptum.

Sigurbjörn kvaðst ekki með neinu móti geta tilgreint heildar-efnismagn, er hann hefði keypt af nefndum Péttri, en sér virst sem Pétur væri að dreifa efnum fyrir aðra. Þó kvaðst Sigurbjörn vita til þess, að Pétur sjálfur hefði komið með talsvert magn af tyrknesku hassi nú í haust, og kvaðst Sigurbjörn hafa verið að fá af því í smáskömmtum í allt að tvo mánuði. Kvaðst hann aldrei hafa séð heildarmagn efnis hjá Péttri, en þó séð hjá honum 1—2 þunnar plötur af Tyrkjahassinu í plastfilmu. Sigurbjörn kvaðst síðast hafa verslað við Pétur í byrjun desember sl. og þá af honum keypt 3 gr af hassi og lítilræði af svonefndu speedefni, en efnið talist endurgreiðsla peningaláns.

Þá kvaðst Sigurbjörn áðurnefndur hafa farið með Péttri á tilgreindan veitingastað hér í borg um mánaðamót nóv/des. sl., en þar hafi Pétur mótttekið hvítt duft, er hann hafi síðan sama kvöld og á heimili sínu veitt sér og sagt vera cocaine.

Nefndur Sigurbjörn kvað Pétur útvega hljómlistarmönnum fíkniefni og nafngreindi aðilja í því sambandi.

2. Valdimar Óli Þorsteinsson, fæddur 5. desember 1957, var yfirheyrður hjá lögreglu í Reykjavík 8. og 15. þ. m. Lýsti hann þá komu sinni hingað til lands í nóvember 1979 með 240 gr af hassolíu. Kvaðst hann hafa komist í samband við Pétur nokkurn sem líklegan söluaðilja fíkniefna í gegnum kunningja sinn, Guðgeir Sigmundsson. Kvaðst hann hafa hitt Pétur á veitingastað í Reykjavík og þeir rætt væntanlegt verð á hassolíunni í viðurvist Guðgeirs. Hafi það verið ákveðið líklega gkr. 35.000 hvert gramm og Pétur við þetta tækifæri afhent sér einhverja peningaupphæð fyrir hassolíu, er nefndur Guðgeir hafi þegar afhent Pétri. Valdimar kvað nefndan Guðgeir, er geymt hefði fyrir sig alla ofangreinda hassolíu, hafa afhent Pétri umsamið magn hassolíu, er hafi verið 70 gr, og sá átt að sjá um innheimtu hjá Pétri.

3. Ofangreindur Guðgeir Sigmundsson, fæddur 2. september 1957, var yfirheyrður hjá lögreglu í Reykjavík 8. og 15. þ. m. og bar á sama veg og ofangreindur Valdimar Óli um geymslu á 240 gr af hassolíu á heimili sínu. Kvaðst hann hafa haft samband við Bjarna Harðarson og haldið á heimili hans með 140 gr af hassolíunni og hafi aðili þar staddur, Pétur að nafni, sem samkvæmt myndbendingu Guðgeirs hjá lögreglu muni vera Pétur Blöndal Gíslason, boðist til að taka að sér sölu hassolíunnar og við þetta tækifæri móttekið 10 gr af henni. Daginn eftir hafi þeir ásamt Valdimar Óla hist á veitingastað í Reykjavík og rætt um söluverð, er ákveðið hafi verið gkr. 30.000 pr. gr til nefnds Péturs. Guðgeir kvaðst síðar hafa afhent Pétri 130 gr af hassolíunni á heimili Bjarna Harðarsonar við Hverfisgötu, en sá þá ekki verið heima. Hafi Pétur þá greitt fyrir 10 gr og nokkru síðar skilað sér í tvennu lagi gkr. 1.500.000, en ekki gert endanlega upp.

4. Í dag, kl. 1100, var handtekinn Bjarni Harðarson, fæddur 17. febrúar 1957, og var hann yfirheyrður hjá lögreglu í framhaldi af handtöku og síðan hér í dómi.

Bjarni kvað Guðgeir Sigmundsson hafa komið á heimili sitt fyrir u. þ. b. ári síðan, en hann áður haft símasamband og boðið sér hassolíu til kaups. Hafi hann af nefndum Guðgeir keypt 2 gr af hassolíunni, en vísað honum á Pétur Blöndal Gíslason sem hugsanlegan kaupanda að olíunni og þeir síðan ræðst við á heimili sínu, en ekki kvaðst hann þó hafa verið vitni að viðskiptum þeirra. Hafi hann þó síðar orðið var við, að Pétur væri að selja hassolíu, og sjálfur af honum keypt um 15 gr á kr. 25.000—30.000 hvert gramm.

Bjarni kvaðst búsettur að Hverfisgötu 106 A hér í borg, en í

einu herbergi þar hefði hann síðan í byrjun desember sl. ásamt Péttri Blöndal starfrækt umboðsskrifstofu fyrir hljómsveitir, er Sambönd hét. Heimilaði Bjarni húsleit í íbúð sinni, og fundust þar fíkniefni og hlutir tengdir notkun slíkra og nánar sem hér segir:

a) 1/2 gr hvítt duft, vegið í umbúðum, gaf jákvæða svörun fyrir amfetamíni.

b) Hassolía ætluð, vegin í umbúðum, nánar plasttappa, 2.7 gr.

c) Kannabisfræ og stönglar, vegið án umbúða, alls 21.8 gr.

Þá fundust í nefndri íbúð, og nánar í geymsluherbergi innan af skrifstofu umboðsfyrirtækis, fíkniefni og nánar sem hér segir:

d) Ætluð hassolía í 6 stk. plasttöppum, vegið í umbúðum alls 14 gr.

e) Ætluð hassolía í umbúðaplasi, glæru, vegið í umbúðum alls 1.9 gr.

Bjarni, sem viðstaddur var nefnda húsleit, gaf þá skýringu á tilvist efnis undir lið a hér að ofan, að þar væri um að ræða speed-efni, er hann hefði keypt sl. gamlárskvöld af Lárusi Grímssyni á gkr. 15.000.

Þá kvaðst hann eigandi hassolíu skv. lið b, en hann kvaðst hafa keypt hana kvöldið áður af Péttri Blöndal á gkr. 30.000, en ekki enn hafa greitt efni. Þá kannaðist Bjarni við sem sína eign kannabisfræ undir lið c hér að ofan. Bjarni neitaði hins vegar að hafa haft nokkra vitneskju um tilvist hassolíu þeirrar, er getið er um í liðum d og e hér að ofan, en kvaðst telja hana eign Péturs Blöndal án þess þó að hafa í fórum hans séð meira magn en nefnt 1 gr, er Pétur hafi selt sér. Neitaði Bjarni alfarið að hafa staðið í dreifingu fíkniefna að undanfögnu.

5. Ofangreindur Pétur Blöndal Gíslason, fæddur 23. september 1958 í Hafnarfirði, til heimilis að Dreka­vogi 10, Reykjavík, var handtekinn kl. 0945 í morgun og var síðan færður í yfirheyrslu hjá lögreglu og síðan yfirheyrður hér í dómi nú í kvöld. Nefndur Pétur neitaði alfarið að hafa haft nokkur afskipti af fíkniefnum, frá því er hann lauk afplánun refsíðoms í september 1979, og neitaði aðspurður að hafa móttekið nokkuð magn hassolíu til dreifingar nálægt áramótum 1979/1980. Kvaðst hann undanfarið hafa haft lífsviðurværi af rekstri umboðsskrifstofu fyrir hljómsveitir, hétu fyrirtækið Sambönd og væri starfrækt í einu herbergi í íbúð Bjarna Harðarsonar að Hverfisgötu 106 A hér í borg, en nefndur Bjarni væri með­eigandi sinn að nefndri umboðsskrif-

stofu. Þá kvaðst Pétur nú fyrir skömmu hafa hafið störf við garðyrkju við Landspítalann hluta úr degi.

NIÐURSTÖÐUR.

Samkvæmt ofansögðu er nefndur Pétur Blöndal Gíslason borinn sökum um verulega dreifingu fíkniefna, en hann hefur alfarið neitað sökum. Jafnframt fundust ætluð fíkniefni á skrifstofu þeirri, er Pétur rekur í félagi við nefndan Bjarna Harðarson. Þykir því ljóst, að rannsókn á ætluðu fíkniefnamisferli nefnds Péturs Blöndal er á algeru frumstigi og eftir að yfirheyra fjölmarga aðilja, er tengjast máli þessu, og samprófa. Þykir í því sambandi nauðsynlegt, að Pétur Blöndal nái ekki að tefja eða torvela rannsókn, svo sem með undanskoti sakargagna eða með því að hafa samband við samseka. Af hálfu lögregluýfirvalda er þess krafist, að Pétur Blöndal verði úrskurðaður í gæsluvarðhald í þágu rannsókna.

Verið er að rannsaka ætluð brot Péturs Blöndal Gíslasonar og fleiri aðilja gegn lögum um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 og reglugerð 390/1974, og getur því sök, ef sönnuð þykir, varðað fangelsisrefsingu. Þykja þannig ákvæði 65. gr. stjórnarskrár nr. 33/1944 ekki til fyrirstöðu beitingu gæsluvarðhalds.

Að ofanskráðu athuguðu og virtu og með vísan til 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974 þykir í þágu rannsóknar þessarar nauðsyn til bera að gera nefndum Pétri Blöndal Gíslasyni að sæta gæsluvarðhaldi, er telst hæfilega afmárkað sem allt að 30 dögum.

Úrskurðarorð:

Pétur Blöndal Gíslason, fæddur 23. september 1958 í Hafnarfirði, til heimilis að Dreka­vogi 10, Reykjavík, skal sæta gæsluvarðhaldi í allt að 30 dögum.
